

Alþingi

Nefndarsvið Alþingis

b.t. allsherjar- og menntamálanefndar

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík.

Reykjavík 28. apríl 2017

Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um lánasjóð íslenskra námsmanna, 392. mál.

Nemendafélag Tækniskólans þakkar allsherjar- og menntamálanefnd fyrir að veita nemendafélaginu áheyrn og fá okkar sjónarmið á málinu upp á borð. Menntun er mikilvæg og ber ríkisstjórnin fulla ábyrgð á því að sinna henni og veita öllum jafnt aðgengi til náms. Það er frábært að sjá að mennta- og menningarmálaráðuneytið skuli leggja þetta frumvarp fram enda skylda ríkisstjórnarinnar að veita fólki þann möguleika á að mennta sig sama hversu þykk buddan sé og ekki annað en sanngjarnt að fólk fái tækifæri til þess að taka lán fyrir sínu námi, óháð aldri og stöðu í þjóðfélaginu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að **1. gr.** laganna verði breytt og hljóði svo:

1. gr.

Við 2. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sjóðnum er heimilt samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum að veita námsmönnum námslán til aðfaranáms, allt að 60 stöðluðum framhaldsskólalæningum, sé námið skipulagt af viðurkenndum háskóla á Íslandi og samþykkt af ráðherra.

Nemendafélaginu finnst áhugavert að sjá að nám á framhaldsskólastigi sé kennt innan háskólanna, af hverju er það ekki kennt innan framhaldsskólanna?

Okkur finnst eins og þetta frumvarp sé til þess komið að hylja yfir 25. ára regluna sem samþykkt var í fjárlögunum árið 2015, þar sem nemendum 25. ára og eldri var ekki hleypt lengur inn í framhaldsskólanna í bóklegt nám. Finnst háttvirtum mennta- og menningarmálaráðherra þetta frumvarp leysa þann vanda að svo stöddu? Að senda þessa einstaklinga sem 25. ára og eldri eru í dýra, einkarekna skóla eins og Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Bifröst eða Keili. Einnig finnst nemendafélaginu það skjóta skökku við að mennta- og menningarmálaráðuneytið hafi ekki leitað til háskólanna, menntaskólanna eða framhaldskólanemenda yfirhöfuð áður en frumvarpið var lagt fram.

Hér eru okkar skilaboð og þætti okkur vænt um að þessi umsögn yrði tekin til skoðunar og veitt áheyrn með tilliti til þess að hún sé send af nemendum í menntaskóla í núverandi skólakerfi.

Margir eldri þingmenn átta sig ekki á þróuninni sem átt hefur sér stað síðustu ár í kerfinu. Með auknum geðrænum vandamálum ungmenna sjáum við t.d. hærra brottfall úr framhaldsskólum en nokkurn tímann fyrr og eru sumir hverjir ekki reiðubúnir til þess að snúa aftur til náms fyrr en seinna á lífsleiðinni. Okkur finnst ekki sanngjarnt að skerða réttindi þessa hóps með því að senda þau í dýrt aðfaranám.

Í megindráttum er nemendafélagið ánæggt með frumvarpið en vill sjá eftirfarandi breytingar:

1. gr.

Hlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna er að tryggja þeim sem falla undir lög þessi tækifæri til náms án tillits til efnahags. Sjóðurinn veitir lán til framhaldsnáms við skóla sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms héraendis. **Sjóðnum er heimilt samkvæmt nánari fyrirmælum í úthlutunarreglum að veita námsmönnum námslán til aðfaranáms, allt að 60 stöðluðum framhaldsskólaeiningum, sé námið samþykkt af ráðherra.**

Virðingarfyllst,



Davíð Snær Jónsson, formaður Nemendafélags Tækniskólans